

5. Frumvarp

til laga um iðnað og iðju.

(Lagt fyrir Alþingi 1927).

I. kafla.

Um iðju.

1. gr.

Iðja merkir í lögum þessum allan annan iðnað en handiðn, hvaða efni eða orka, vjelar eða önnur tæki sem notuð eru og hvaða vörur eða efni sem framleidd eru. Ekki ná þó lög þessi til iðju að því leyti sem fyrirmæli laga um vatnsorkusjerleyfi láta um mælt.

2. gr.

Enginn má reka nokkurskonar iðju á Íslandi eða í íslenskri landhelgi nema hann hafi til þess fengið leyfi lögum þessum samkvæmt.

3. gr.

Hver maður, karl sem kona, getur fengið iðjuleyfi ef hann:

1. Er heimilisfastur á Íslandi þegar leyfi er veitt og hefir verið það síðasta árið.
2. Er fjárráður.
3. Hefir forræði í búi sínu. Ekki má veita þeim iðjuleyfi sem tvisvar hefir orðið gjaldþrota, nema komist hafi á löglegir samningar um skuldagreiðslur hans milli hans og lánardrotna hans.
4. Hefir ekki verið dæmdur sekur um verk, sem eru svívirðileg að almenningsáliti. Ekki má veita manni iðjuleyfi, ef ráðin hefir verið höfðun opin-

bers máls á hendur honum fyrir slíkt brot, fyr en hann hefir verið sýkn-
aður með dómi.

5. Fullnægir að öðru leyti þeim skilyrðum, sem sett eru eða sett kunna að
verða lögum samkvæmt, til þess að mega reka iðju.

Iðjuleyfi má ekki veita embættis- eða sýslunarmönnum, nje maka
þeirra, ef hjónin búa saman, nema ráðherra hafi úrskurðað, að iðjureksturinn
megi samrýma stöðu þeirra.

4. gr.

Nú vill fjelag eða stofnun reka hjer iðju, og skal þá svo með fara :

1. Ef nokkrir fjelagar eða allir bera ábyrgð á skuldbindingum fjelags, þá
skulu þeir allir sem fulla ábyrgð bera, vera þeim kostum búnir, sem í 3.
gr. segir.
2. Ef enginn fjelaga ber fulla ábyrgð á skuldum fjelags, þá skal það eiga
heimilisfang og varnarþing á landi hjer, enda fullnægi framkvæmdarstjór-
ar, stjórnendur fjelags og fulltrúar skilyrðum 3. gr. Ef fjelag er hlutafjelag,
þá skal enn fremur meira en helmingur hlutafjárins vera eign manna bú-
settra á Íslandi, enda sje ekkert það í samþykktum fjelags, er brjóti í bága
við íslensk lög. Ráðherra er heimilt að veita undanþágu frá skilyrðunum
um heimilisfang stjórnenda eða fulltrúa og hlutafjäreign, enda standi sjer-
staklega á.

5. gr.

Iðjuleyfi glatast, ef leyfishafi missir einhver þeirra skilyrða, sem í 3. gr
1–3. tölulið, eða í 1. málslíð 4. töluliðs segir, eða þeirra skilyrða, sem annars
eru sett eða kunna að verða sett til að halda rjettinum (5. tölul. 3. gr.).

Nú missir stjórnandi, fulltrúi eða framkvæmdarstjóri fjelags skilyrða
þeirra, er í 4. gr. 2. segir eða fjelag eða stofnun missir íslensks heimilisfangs
eða hlutafje verður eign erlendis búsettra manna framar en lögmætt er, og
skal aðili þá hafa komið málinu í löglegt horf innan 3ja mánaða frá því er
breyting varð. Hafi ella fyrirgert leyfi sínu. Ráðherra getur þó lengt frestinn
um 3 mánuði, ef sjerstaklega stendur á.

6. gr.

Iðjuleyfi er bundið við nafn. Iðjuleyfi fjelags, þar sem einn eða fleiri
fjelaga bera fulla ábyrgð, skal hljóða á nafn þeirra allra. Annars kostar hljóð-
ar það á nafn fjelags. Nú fer fjelagi, sem fulla ábyrgð ber, úr fjelagi eða slík-
ur nýr fjelagi bætist við, og þarf fjelag þó ekki að leysa nýtt leyfi meðan einn
fjelaga er eftir þeirra, er leyfi hljóðaði á nafn hans í öndverðu.

Enginn má framselja iðjuleyfi nje leyfa öðrum að reka iðju í skjóli
sins leyfis.

Rjett er ekkju að halda áfram iðju látins manns sins án nýs leyfis,
enda fullnægi hún lögmæltum skilyrðum.

Bú aðilja, er iðjuleyfi hafði, má og reka iðjuna að því leyti sem sá

rekstur er þáttur í skiftameðferð þess. Erfingi 16 ára eða eldri má og reka iðju arfleiddanda án nýs leyfis, þar til er hann er fjárráður.

7. gr.

Lögreglustjóri, þar sem beiðandi á lögheimili, veitir iðjuleyfi. Þó ákveður ráðherra um veitingu iðjuleyfis, ef:

1. Iðjan er líkleg til að baka einstökum mönnum, hjeraði eða ríkinu tjón eða óhagræði að ráði, þar á meðal aukin sveitapýngsli.
2. Iðjan telst sjerstaklega hættuleg mönnum sem hana stunda.
3. Iðjan er annars svo vaxin, að hættulegt er eða varhugavert að leyfa hana.

8. gr.

Nú hefir lögreglustjóri veitt iðjuleyfi, en ráðherra telur sig hafa átt að úrskurða málið, og getur hann þá ónýtt leyfi lögreglustjóra að öllu leyti eða leyft iðjurekstur gegn því, að iðjuhöldur fullnægi skilyrðum, er ráðherra setur að viðlögðum leyfismissi, alt án þess að aðili eigi kröfu til bóta á hendur ríkinu fyrir leyfismissi eða tap, er honum hlýst af ákvörðunum ráðherra.

9. gr.

Nú verður svo vaxin breyting á iðju eða svo löguð breyting er fyrirhuguð á henni, að málið hefði borið undir úrskurð ráðherra, ef svo hefði verið ástatt í öndverðu, og má iðjuhöldur þá ekki halda áfram iðjurekstri þeim eða gjöra breytingu, nema ráðherra leyfi. Fer um málið samkvæmt 8. gr. svo sem við á.

Skylt er iðjuhöld að veita lögreglustjóra og ráðherra allar upplýsingar um þau atriði, er varða skilyrði til að halda atvinnuheimild eða fullnægju settra skilyrða, svo og að veita aðgang að bókum atvinnunnar í sama skyni. En skylt er að leyna alla óviðkomandi menn því, er rannsóknarmaður kemst að um hagi aðilja fyrir rannsókn sína eða upplýsingar hans.

10. gr.

Ef nauðsyn þykir, getur ráðherra sett þau skilyrði fyrir leyfi til iðjureksturs í öndverðu eða framhaldi hans, að iðjuhöldur:

1. Sjái verkamönnum sínum fyrir sæmilegum húsakynnum, hjúkrun í veikindum, hæfilegu bókasafni og lesstofu.
2. Geri þær heilbrigðisráðstafanir er nauðsynlegar þykja.
3. Kosti aukna löggæslu, er leiða kann af atvinnurekstrinum.
4. Kosti viðhaldsauka á vegum og öðrum almenningstækjum, sem atvinna hans veldur.
5. Sjái um eða setji tryggingu fyrir umsjá erlendra verkamanna, sem verða í þjónustu hans, og þeirra sem þeim verkamönnum er eða verður skylt að framfæra hjer á landi.
6. Poli almenningsafnot af vegum, höfnum og öðrum mannvirkjum og samgöngutækjum, er iðjuhöldur kann að gera, að svo miklu leyti sem það

má vera án verulegs boga fyrir bann, enda úrskurði ráðherra ef ágreiningur verður.

7. Sæti öðrum þeim skilyrðum, er ráðherra telur þurfa að setja.

11. gr.

Greina skal í iðjuleyfi, hvers konar iðju heimilt sje að reka samkvæmt því og hvar hana megí reka. Ekki veitir leyfi heimild til að reka iðju annarar tegundar en þá, sem nefnd er í leyfi, ásamt því, er venju samkv. eða eðli málsins heyrir þeirri iðju til.

Veita má sama aðilja leyfi til að reka fleiri en eins konar iðju, og leyfi til að reka iðju á fleiri en einum stað (kaupstað, þinghá).

12. gr.

Nú er iðjuleyfi synjað eða ágreiningur verður um það, hvort aðilji hafi fyrirgert iðjuheimild sinni, og er honum þá rjett að bera málið undir dómstóla, enda skal stefna lögreglustjóra, ef hann hefir úrskurðað málið, en ráðherra ella. Skal mál það höfða fyrir gestarjetti á heimilisvarnarþingi varnaraðilja.

II. kafli.

Um iðnað.

13. gr.

Í kaupstöðum landsins mega þeir einir reka iðnað (sbr. 1. gr.), sem iðnbrjef hafa fengið. Iðnbrjef þurfa þó ekki:

1. Þeir, sem iðnað reka einungis með aðstoð maka síns og barna nndir 16 ára aldri.
2. Hegningarhús, spítalar, skólar og þess konar stofnanir, enda vinni fangarnir, sjúklingarnir, nemendurnir o. s. frv. að iðninni.

14. gr.

Hver maður, karl sem kona, á rjett á að fá iðnbrjef, ef hann:

1. Hefir sveinsbrjef í iðn sinni.
2. Fullnægir þeim skilyrðum, sem selt eru í 1—5. tölul. 3. gr.

Nú vill fjelag reka iðnað í kaupstað eða kaupstöðum, og skal þá svo með fara sem í 1. tölul. 4. gr. segir, ef nokkrir fjelagar eða allir ábyrgjast að fullu skuldbindingar fjelags, en annars kostar skal fara eftir 2. tölul. sömu greinar, að undanskildu skilyrðinu um hlutafjäreign. Undanþáguheimild síðustu málsgreinar 4. gr. tekur og hjer til eftir því sem við á.

15. gr.

Fyrirmæli 6. gr. skulu og, að breyttu breytanda, taka til iðnaðar, að því viðbættu, að hafa skal ekkja og ófjárráður maður forstöðumann, er sveinsbrjef hafi í iðninni.

16. gr.

Geta skal þess í iðnbrjefi, hvers konar iðnpróf aðili hafi leyst af hendi. Iðnbrjef veitir aðilja heimild til að reka þá iðn, sem sveinsbrjef hans greinir, hvar sem er á landi hjer, hvort sem það er frá fastri atvinnustöð eða ekki, svo og rjett til að ráða sjer aðstoðarmenn eftir þörfum.

Rjett er að veita sama aðilja iðnbrjef til að stunda iðn fleiri en eina, ef hann fullnægir skilyrðum um hverja einstaka þeirra.

17. gr.

Meistarabrjef geta þeir einir fengið, sem:

1. Eru þeim kostum búnir, er í 14. gr. segir, og
2. Hafa unnið að minsta kosti 3 ár hjá meistara (sbr. 3. málgr. þessarar gr.) að afloknu sveinsprófi.

Meistarabrjef veitir samsvarandi rjett sem iðnbrjef.

Í kaupstöðum er meisturum einum heimilt að taka nemendur til verklegs náms í iðn sinni.

Þeir, sem hafa að afloknu námi rekið sjálfstætt iðn sína 3 ár eða lengur, geta fengið meistarabrjef næstu 3 árin eftir að lögin öðlast gildi.

18. gr.

Í kaupstöðum má enginn veita byggingavinnu forstöðu, hvort sem er við hús, skip, bryggjur eða annað, nema hann hafi iðnbrjef eða meistarabrjef í þeirri iðn. Ef aðrir taka að sjer framkvæmd verka þessara, þá skulu þeir hafa á vinnustöðinni fyrir sína hönd mann, sem fullnægir þessum skilyrðum.

19. gr.

Sá hefir fyrirgert rjetti sínum samkvæmt iðnbrjefi eða meistarabrjefi, sem:

1. Missir einhvers þeirra skilyrða, er í 1—3. tölul. og 1. másl. 4. tölul. 3. gr. segir.
2. Missir þeirra annara skilyrða (sbr. 5. tölul. 3. gr.) er sett eru annars eða sett kunna að verða til þess að halda rjettinum.

Ef fjelag á hlut að máli, þá skal svo með fara sem í 2. málgr. 5. gr. segir.

20. gr.

Lögreglustjóri, þar sem aðili á lögheimili, lætur af hendi iðnbrjef og meistarabrjef.

Nú synjar lögreglustjóri um iðnbrjef eða meistarabrjef eða ágreiningur verður um það, hvort aðilji hafi mist rjett sinn, og er aðilja þá rjett að bera málið undir ráðherra. Enn fremur getur hann leitað úrlausnar dómstóla um það mál, enda skal þá stefna lögreglustjóra fyrir gestarjett á varnarþingi hans.

III. kafli.

Almenn ákvæði.

21. gr.

Halda skal skrá yfir öll leyfi, sem veitt eru lögum þessum samkvæmt. Ráðherra setur fyrirmæli um þessi efni.

22. gr.

Óskert skal atvinnuheimild þegna annara ríkja hjer í landi, að því leyti sem þeir kunna að eiga rýmri atvinnurjett hjer samkvæmt samningum en lög þessi greina.

23. gr.

Gjalda skal ríkissjóði fyrir:

Iðjuleyfi kr. 500,00.

Iðnbrjef kr. 50,00.

Meistarabrjef kr. 100,00.

Ráðherra er heimilt að færa gjaldið niður eða jafnvel að fella það niður að öllu, ef sjerstök þörf þykir á þeim atvinnurekstri, sönnuð er fátækt aðilja, en jafnframt nauðsyn hans á því að koma upp atvinnunni til framfæris sjer og sínum o. s. frv.

24. gr.

Það varðar sektum frá 100—5000 kr. ef maður byrjar á iðju án leyfis eða heldur áfram iðju án þess að fullnægja settum skilyrðum eða eftir að hann hefir mist lögmælt skilyrði, eða leyfir öðrum að reka iðju í skjóli iðjuleyfis sins.

Það varðar sektum alt að kr. 500, ef maður:

1. Rekur iðnað sem iðnbrjef þarf til, án þess að hafa fengið það eða eftir að hann hefir mist heimildina.
2. Leyfir öðrum að reka iðn í skjóli iðnbrjefs sins.
3. Tekur að sjer verk er í 18. gr. segir, án þess að fullnægja skilyrðum þeirrar greinar.
4. Tekur nemendur til verklegs náms, enda þótt hann eigi ekki rjett til þess, eða tekur nemendur til náms í annari iðn en þeirri, sem hann er meistari í eða hefir rjettindi meistarara.

25. gr.

Sektir samkvæmt 24. gr. renna í ríkissjóð. Dæma skal aðilja til að greiða gjald það fyrir leyfi, er honum hefði borið að gjalda, ef hann hefir rekið iðn eða iðnað ranglega leyfislaust.

Mál vegna brota þeirra, er í 24. gr. getur, skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

26. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1928.

Þeir er þá reka iðju með heimild samkvæmt eldri lögum, halda henni. Þó er þeim óheimilt að reka eftir þann tíma iðju fleiri tegunda, en þeir hafa áður rekið.

Þeir er 1. janúar 1928 reka iðn samkv. eldri lögum, eða hafa nemandur, halda þeim rjetti.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á Alþingi hefir því nokkrum sinnum verið hreyft, að nauðsyn bæri til að setja fyllri atvinnulöggjöf hjer á landi, en þá var. Á síðustu árum hefir talsvert verið bætt úr þessu, sjerstaklega með lögum nr. 52, 27. júní 1925, um verslunaratvinnu og lögum nr. 21, 15. júní 1926, um veitingasölu, gistihúshald o. fl. Þeir kaflar atvinnulöggjafarinnar, sem sjerstaklega virðist þörf á, eru um iðnað og iðju og rjett útlendinga til þess að leita hjer atvinnu.

Það frv. sem hjer liggur fyrir er um iðnað og iðju. Á Alþingi 1922 var lagt fram frv. til atvinnulaga, sem ekki náði samþykki. Þriðji kafli þess frv. var um iðju og er I. kafli þessa frv. að ýmsu sniðinn eftir honum, en talsvert aukinn og nokkuð breyttur. Um iðnað hefir verið litið af lagafyrirmælum í íslenskri löggjöf, og er það ekki undarlegt þegar tekið er tillit til fámennisins hjer á landi og þess, að greinileg verkaskifting í þjóðfjlaginu er tiltölulega ný. En nú er svo komið í kaupstöðum landsins, að þörf virðist á nýjum ákvæðum um iðnað (handiðn) bæði til tryggingar þeim, sem slik verk kaupa og iðnaðarmönnum sjálfum, enda er Iðnaðarmannafjelagið í Reykjavík mjög hvetjandi löggjafar um þetta. Eins og nú er ástatt þykir þó ekki rjett að láta löggjöf þessa ná í öllum atriðum nema til kaupstaðanna, því að til sveita og í kauptúnum er þess ekki að vænta, að þeirri verkaskiftingu verði við komið, sem er edlileg eða jafnvel sjálfsögð, á þeim stöðum er mikill fjöldi manna býr.

Um hinar einstöku greinar frv. er það tekið fram, sem hjer segir:

Um 1. gr.

Í þessari gr. er handiðnaður nefndur iðnaður, en allur annar iðnaður er nefndur iðja. Þetta er í samræmi við vatnalög nr. 15, 20. júní 1923, 1. gr. og með því að frekari skýringar hefir ekki þótt þörf þar, er ekki ástæða til að ætla, að þess þurfi hjer. Málvenjan mun þar skera best úr, enda mundi mjög erfitt, ef ekki ómögulegt að gefa tæmandi skýringu á þessum hugtökum í lögum. Sjálfsagt getur það komið fyrir, að efasamt sje, hvort um iðju er að ræða eða iðnað, en þá verða yfirvöld eða dómstólar að skera úr, eins og venja er til þegar ágreiningur ris.

Um 2—7. gr.

Þessar gr. eru að formi mjög svipaðar 2—7. gr. verzlunarlaganna nr. 52, 1925 og innihald þeirra svipað, að breyttu breytanda. Þó er rjett að geta þess, að í 3. gr. hefir ekki þótt rjett að setja neitt þekkingarskilyrði, því að iðja er svo margs konar og svo margháttuð, að sameiginleg regla mun traudla verða sett. Þar sem nauðsyn þykir til getur ráðherra bundið leyfi skilyrðum í þessa átt samkvæmt 10. gr.

Samkvæmt 7. gr. er það aðalreglan, að lögreglustjóri gefi út iðjuleyfi, en undir sumum kringumstæðum hefir þótt ástæða til þess að láta ráðherra ákveða um þetta, þar sem um getur verið að ræða stórfeld fyrirtæki, er almenning varðar miklu.

Um 8. gr.

Hún stendur í nánú sambandi við 7. gr. og er í raun rjetttri til þess að fyrirmæli hennar verði ekki þýðingarlaus.

Um 9. gr.

Fyrirmæli fyrri málsgr. virðast sjálfsögð, en 2. málsgr. svarar til 15. gr. laganna um atvinnu við verslun.

Um 10. gr.

Í þessa gr. eru tekin ýms ákvæði, sem svipuð eru ákvæðum 9. og 10. gr. laga nr. 46, 27. júní 1925, um vatnsorkusjerleyfi, og virðist hún því ekki þurfa frekari skýringa.

Um 11—12. gr.

Virðast ekki þurfa skýringa.

Um 13. gr.

Með orðinu »kaupstaðir« er að eins átt við þá staði, sem hafa kaupstaðarrjettindi. Kaupún falla því ekki hjer undir og er vikið að ástæðunum fyrir því í innganginum að athugasemdum þessum.

Um 14. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemda.

Um 15. gr.

Þegar ekkja eða ófjárráður erfingi rekur iðnað, sem ekki er hægt að gera ráð fyrir, að hlutaðeigandi þekki til hlýtar, sýnist ekki verða hjá því komist að krefjast þess, að maður, sem sveinspróf hefir í iðnaðinum veiti fyrirtækinu forstöðu.

Um 16. gr.

Það þykir sjálfsagt að láta iðnþrjef veita rjett til atvinnu hvar sem er á landinu, gagnstætt því sem er um verslunarleyfi, enda er það í samræmi

við það, sem nú er. Iðnbrjef i fleiri iðngreinum en einni á sami maður einnig að geta fengið, ef hann fullnægir settum skilyrðum.

Um 17. gr.

Munur á aðstöðu iðnrekenda alment og meistara er ekki annar eftir frv. en sá, að maður skal, áður en hann fær meistarabrjef, hafa unnið 3 ár hjá meistara, og að hann hefir heimild til þess að taka nemendur i grein sinni til verklegs náms. Það þykir nauðsynlegt að setja ákvæði til bráðabirgða um þá menn, er notið hafa rjettinda meistara eftir eldri venjum. Þeir, er sjálfstætt hafa rekið iðn sina 3 ár eða lengur, og þeir, er unnið hafa sama tíma að afloknu námi hjá manni með meistararjettindum, virðast eiga sanngirniskröfu til meistarabrjefs.

Um 18. gr.

Ákvæði þessarar gr. eru bundin við kaupstaðina, því að enn sem komið er mun tæplega fært að innleiða þessa reglu um allt land.

Um 19.—20. gr.

Sýnast ekki gefa tilefni til athugasemda.

Um III. kafla (21.—26. gr.).

Það þykir rjett að fela ráðherra að setja reglur um skrár þær, er ræðir um i 21. gr. Er þar um tvent að velja, annaðhvort að ein skrá sje haldin, og þá i stjórnarráðinu, eða að hver lögreglustjóri haldi skrá fyrir sitt umdæmi. Þetta atriði er varla svo mikilsvert, að ástæða sje til að setja það i lögin.

Það er jafnan álitamál hvaða gjöld eru hæfileg, enda er gengið út frá því að ráðh. sje heimilt að lækka þau eða gefa þau eftir með öllu.

Að öðru leyti þykir þessi kafli ekki gefa ástæðu til athugasemda.